

## Fundur foreldrafélagsins Kjarna

Á fundinum voru: Sigríður Harpa, Lisa Marie, Tuna Dís og Hrefna Sif ásamt þeim Særúnu leikskólastjóra og Jónínu aðstoðarleikskólastjóra

Efni fundar:

- Kastali er væntanlegur í litla garðinn með klifurgrind, rennibraut og sandkassa. Búið er að kaupa dótakassa svo hægt sé að hafa dót yngstu barnanna á þeirra svæði.
- Auka fjármagn fékkst svo hægt var að gera vel við starfsfólk leikskólans með því að gera upp kaffistofu þeirra. Einnig fékk skrifstofa leikskólastjórans þarfa yfirhalningu. Bækur voru keyptar auk sparkbíla og stærðfræðigagna fyrir börnin svo fátt eitt sé nefnt.
- Rætt var mikilvægi þess að börn notuðu hjálma á leikskólalóðinni þegar þau hjóla. Í svari frá Herdís Storgård kom fram að íshökkýhjálmar væru bestir en náí hjól ekki tiltekinni hæð ættu þeir að vera óþarfir. Einnig þarf að taka mið af leikskólalóðum hverju sinni þar sem þær eru misjafnar. Á leikskólalóð Vesturkots eru engar brekkur sem hjólin komast í auk þess sem hjólin eru öll undir þeirri hæð sem talað var um. Það myndi einnig fylgja því mikil vinna fyrir starfsfólk að passa upp á að taka hjálma af börnum, sem hætt væru að hjóla, til að koma þeim á börn sem væru komin á hjólin. Þessu gæti fylgt grátur þegar börn annað hvort vilja ekki hafa hjálmana eða vilja ekki láta þá af hendi. Í ljósi skilyrða fyrir hjálmunum var niðurstaða allra sem fundinn sátu að hjálmar væru ekki nauðsynlegir á Vesturkoti að svo stöddu.
- Ákveðið var að fá ljósmyndara á leikskólann annað hvert ár. Hann kemur því næst vorið 2020.
- Jólaleikrit - ákveðið var að fá sama leikritið nú í ár og var í fyrra en um það sáu Hurðaskellir og Skjóða. Foreldrafélagið greiðir fyrir það að venju.
- Foreldrafélagið stendur fjárhagslega vel, en í sjóðnum eru ca 184.000 kr. Ekki er búið að senda út rukkanir fyrir þetta skólaár.
- Sumarhátíð Vesturkots - Foreldrafélagið ætlar að kanna hvort Ronja Ræningjadóttir gæti komið og skemmt börnunum.
- Stefnt er að því að hafa fræðslu á næsta foreldrafundi. Þau fræðslufni sem ákveðið var að kanna og leyfa foreldrum að kjósa um eru: SMT/PMT foreldrafærni, svefnráðgjöf eða skjánotkun barna.
- Búið er að panta sveitaferð þann 18. maí nk. í Miðdal í Kjós, þangað var farið í fyrra og allir ánægðir. Vegna veðurs gafst aldrei tími sl. sumar.